


Steinar í vörðu

til heiðurs

Puríði J. Kristjánsdóttur
sjötugri



Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
Reykjavík 1999

Ritsjórn:
Helgi Skúli Kjartansson
Hrafnhildur Ragnarsdóttir
Kristín Indriðadóttir
Ólafur J. Propé

Umsjón með útgáfu:
Heiðrún Kristjánsdóttir og Kristín Indriðadóttir

Kápuhönnun:
Soffia Árnadóttir

Umbror:
Anna Helgadóttir

Prentvinnsla:
Oddi hf.

© Höfundar 1999

Þessa bók, eða hluta hennar, má ekki afrita með neinum hætti
nema með skriflegu leyfi höfunda og útgefanda.

ISBN 9979-847-35-2

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
Reykjavík 1999

Jón Torfi Jónasson

Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar

Stundum er talið að áhrif dönsku lýðháskólahugmyndarinnar hafi aldrei verið mikil hér á landi þótt margir viti um einhver áhrif. Hér verður reynt að rökstyðja að þau hafi hugsanlega verið meiri en virst gæti við fyrstu sýn og í þeim rökstuðningi staldrað við tímabilið upp úr aldamótunum 1900. Fyrst verður í örstuttu máli gerð grein fyrir því um hvað lýðháskólahugmyndin snerist og í hverju áhrifin fólust.¹ Lýðháskólahugmyndina er af ýmsum ástæðum eðlilegt að tekja til danska prestsins Grundtvigs. Hugmyndirnar að baki fyrstu lýðháskólunum í Danmörku voru í höfuðdráttum fengnar frá Grundtvig þótt hann hafi ekki átt frumkvæði að þessum skólum heldur danskir þjóðernissinnar í Slésvík og á Jótlandi. Síðar urðu rit Grundtvigs sameiginlegur hugmyndafræðilegur bakgrunnur lýðháskólahreyfingarinnar, bæði í Danmörku og í Noregi, jafnvel löngu eftir að hún hafði þróast í margar mjög ólíkar áttir, og lýðháskólar voru oft kallaðir grundtvígskir skólar þótt fátt væri þeim sameiginlegt nema nafnið lýðháskóli.

Lýðháskólahugmyndin er fjölbætt og hér verður aðeins drepið á helstu atriði hennar. Þau tengjast skólakerfinu, markmiðum menntunar og afstöðu til hennar, verklagi í skóla og fræðslustarf, inntaki skólastarfs og síðast en ekki síst tilraun til þess að dempa flutning fólks frá sveit til bæja. En það sem ef til vill skiptir þó mestu máli er að á bak við lýðháskólahugmyndina bjuggu ætíð einlægar hugsjónir, rómantík og eldmóður. Styrkur hugmynd-

1 Til er talsvert íslenskt efní um sögu og inntak lýðháskólahugmyndarinnar, sjá t.d. Arnór Sigurjónsson (1921), Jón Jónsson [Aðils] (1902), Þórarin Þórarinsson (1968). Sjá einnig stutta ritgerð Sigurðar Guðjónssonar (1924) um sögu lýðháskóla á Íslandi. Sjá cinnig Korsgaard (1997) og Nissen (1994).

arinnar fólst líka í því að fljótlega átti hreyfingin ýmis rit þar sem meginhugsunin var útlistuð.² Þegar einkenni þessarar hreyfingar eru dregin fram er vert að hafa það hugfast að áhrifin berast hingað til lands bæði frá Danmörku og Noregi (ekki fyrir alvöru frá Svíþjóð fyrr en í upphafi þriðja áratugar 20. aldar) og í báðum þessum löndum var hugmyndin fjölbreytileg. Í Danmörku hafði Askov-skólinn á Jótlandi nokkra sérstöðu vegna þess að hann var nokkru fyrir aldamótin 1900 orðinn eins konar „háskóli“ lýðháskólanna.³ Dönsku skólarnir voru annars mjög missérhæfðir og námsefni þeirra og starfshættir voru með ýmsu sniði. Lýðháskólunum í Noregi má skipta í þrjá höfuðflokk, þjóðernissinnaða („hefðbundna“) lýðháskóla, kristilega lýðháskóla og héraðsskóla (amtsskóla).⁴ Það er því fjarstæða að gera því skóna að til sé ein hreinræktuð útgáfa lýðháskóla, en það er eins og margir, sem um þessi mál fjölluðu á fyrstu áratugum 20. aldarinnar, hafi einmitt talið það. Þeir voru hins vegar ekki sammála um hver hún væri.⁵

Þó var til sameiginlegur kjarni hugmynda lýðháskólamanna. Alþýðumenntunin skyldi helst fara fram utan skólakerfisins. Hún skyldi vera til sjálfrar sín vegna og til þess að víkka sjóndeildarhring nemenda og efla og vekja anda þeirra. Hún átti svo sannailega ekki að falla inn í það sem þeim fannst vera steingelt menntakerfi hefðarinnar sem lyti öfnum sem ynnu gegn raunverulegri menntun. Margir forkólfar lýðháskóla töldu það frumskilyrði að þeir væru í einkaeign eða þá sjálfseignarstofnanir, og það var lengi baráttumál bæði í Danmörku og í Noregi að hindra að þeir félle undir forræði ríkisins. Í alþýðuháskólunum áttu nemendur ekki að gangast undir próf, annars vegna þess að þau spiltu náminu og hins vegar vegna þess að þau voru óaðskiljanlegur hluti þess kerfis sem verið var að hafna. Í þeim skilningi teldist það mótsögn að tala um lýðháskóla sem félli vel inn í skólakerfið og þeir áttu helst ekki að tengjast því með neinu móti. Best væri ef nem-

-
- 2 Nokkur lykilverk Grundtvigs ásamt fyrilestrum sem hann hét árið 1838 eru kölluð (há)skólarit Grundtvigs og lýsa nokkuð vel hugmyndum hans um skólamál. Sjá Grundtvig (1943). Fjölmargir aðrir mótuðu hugmyndina og tit Kristófers Brún [Bruun] (1878) hafði mikil áhrif á hreyfinguna í Noregi, sjá m.a. umfjöllun Guðmundar Hjalasonar (1911b, júlí 2,7:49–51) um þá bók. Ekki er gerð nein tilraun hér til þess að taka saman þann aragrúa bóka sem um hreyfinguna var skrifsaður allt frá árdögum hennar.
- 3 Þórhallur Bjarnarson (1908) segir að Askov-skólinn sé „réttnefndur háskóli lýðháskólanna“.
- 4 Folkehögskolens ställing i skoleverket (1976:21–25). Í fyrsta klasa ritsins eru bornir saman lýðháskólar á Norðurlöndum og einnig hjá Arnóri Sigurjónssyni (1921).
- 5 Þessi ágreiningur kemur snemma í ljós. Sigurður Pórólfsson segir að [Sigurbjörn] Ástvaldur Gíslason hafi ætlað að kenna hjá sér í lýðháskólunum í Reykjavík haustið 1902, en „vildi hvergi koma nálagt skólunum þegar hann vissi fyrir víst að hann hafði aðra stefnu en heimatrúboðslyðháskólar í Danmörku“ (Sigurður Pórólfsson 1992:100).

endur væru stálpadír unglingsar, jafnvel um tvítugt, því þá væru þeir hvort tveggja í senn móttækilegit fyrir nýjum hugmyndum og nægilega þroskaðir til þess að gera sér sjálfir mat úr þeim. Barnafræðsla ætti helst að fara fram á heimilum og starfsmenntun á vinnustað, en skólanir áttu að vekja fólk til lífsins. Fjölmargir lýðháskólar fléttuðu samt sem áður saman almenna fræðslu og fagnám, svo sem leikfimi, búnaðarfræðslu eða jafnvel einhverja handiðn, en aðrir höfðu aðeins almenna námskrá. Yfirmaður skólastarfsins var menningarleg þjóðernisvakning og til þess að ná því marki þurfti annars vegar að hyggja að námsefni og hins vegar að verklagi. Mikil rækt var einatt lögð við móðurmálið, hið talaða mál miklu fremur en hið ritanda, bundið alls ekki síður en óbundið.⁶ Feikileg áhersla var lögð á sögu þjóðarinnar og menningararfins, þar á meðal fornögurnar og norræna goðafræði og á bókmenntir bæði innlendar og erlendar. Það er ef til vill sérstök ástæða til þess að gefa því gaum hve gífurlegt vægi Grundtvig og fylgismenn hans gáfu ritum Snorra og öðrum íslenskum fornitritum í menningarumfjöllun sinni.⁷ Vegna þess að lýðháskólarnir voru oft á tíðum hreinlega settir til höfudhs menntaskólunum er athyglisvert hve námsefni þeirra er samt um margt skylt námsefni menntaskólanna, þar sem einnig var lögð mikil áhersla á tungumál, sögu, bókmenntir og forn (að vísu oft grísk) fræði. Andstaðan við menntaskólanámið beindist að bókum (í misríkum mæli þó), að yfirheyrslum og prófum, að málfræði og að latínu og grísku og því efni sem þessum greinum tengdist, einkum þó goðafræðinni. Í lýðháskólunum var feikilega mikið sungið, í mörgum skólinum bæði í upphafi og við lok skóladags, hjá einstaka kennara í hverri kennslustund. Í flestum lýðháskólum eftir aldamótin var leikfimi einnig mikilvæg námsgrein sem iðkuð var daglega ef vel átti að vera. Kennslan fór mun meira fram í fyrirlestrum en tíðkaðist í hefðbundnum skónum og kennarinn skyldi leggja allt kapp á að vekja áhuga nemenda sinna á cfninu. Hann átti helst að hrífa þá með sér og lexíu- eða yfirheyrslunámi var að talsverðu marki ýtt til hliðar. Alþýðufræðsluhlutverk skólanna utan daglegs skólastarfs var mikilvægur hluti hugmyndarinnar um lýðháskóla. Þessu var venjulega sinnt með því að halda námskeið fyrir fólk í nágrenni skólans og þar skyldi fléttu saman fræðslu, vakningu og félags-

6 Sjá t.d. umfjöllun í Korsgaard (1997:178–182). Jón Jónsson [Aðils] (1902:16) minnir á að þótt Grundtvig notaði einkunnarorðin „aftur með bókina, upp með muninn“ hafi hann alls ekki verið frábítinn bóklestri, heldur hafi þvert á móti verið hugfanginn af bókum. En hann áleit að „orðið lifandi af vörumum fæli í sér meira tendrandi afl en dauður bókstafurinn“.

7 Sjá t.d. Schröder (1906).

starfi. Þaðan kemur hugmyndin um bændanámskeið bændaskólanna og fyrirlestra ungmennafélöganna. Merkilegt og jafnframt eitt sterkasta ein-kenni lýðháskólanna norrænu er að þeir urðu að vera í sveit. Rökin voru einkum þau að þar væri hollara og uppbyggilegra umhverfi en í bæjunum, þar gæfist meiri friður til þess að einbeita sér að náminu og miklu minni líkur væru á því að nemendur flosnuðu upp úr sinni heimabyggð.⁸ Það heyrðist einnig nefnt að nám í sveitaskóla væri ódýrara fyrir aðkomufólk en nám í bæjarskólunum.

Lýðháskólastraumar á Íslandi á 19. öld

Lýðháskólahugmynd Grundtvigs féll að ýmsu leyti vel að ríkjandi hug-myndum á Íslandi á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Í henni var fléttad saman sterkri þjóðerniskennd, virðingu fyrir bænum og bændamenningu, kraftmíklum en jafnframt rómantískum hug-myndum um menntun alþýðunnar og mikilli virðingu fyrir móðurmálinu og fornri norrænni menningu. Allt þetta átti greiðan aðgang að hugum. Fjölmargra Íslendinga og féll mjög vel að sjálfstæðisbaráttunni sem var háð af miklum eldmóði á þessum árum. Matthías Jochumsson segir svo í sjálfs-ævisögu sinni:

Eftir nýárið 1872 dvaldi ég nokkrar vikur við skólann í Askov til að kynna mér kennslu og skólaufyrirkomulag hinnar merkilegu hreyfingar sem þá var ung og í bráðum vexti. Fannst mér allmikið um þetta nýsmíði og skildi glöggt hugsjónir Grundtvigs. Hann var þá þegar skólanir tóku að þroskast, gamall byltingarmaður, er í fulla hálfu öld hafði barist í kveðskap, ræðum og riti til að kveikja líf í þjóð sinni, einkum alþýðunni – nýtt líf í kristindómi, menning og sjálfstæði, en auk þess og jafnframt vildi hann verja danskttál og þjóðerni gegn álcitni Þjóðverja. Hann gerði og allt sem hann gat til að rýra álit hinna gömlu fóstu skóla og kallaði hina klassísku menntun (eins og þjóðkirkjuna) dauða fræðslu, heimti í stað þess „hið lífandi orð“.

En Matthíasi, sem ekki taldi sig gjörkunnugan hugmyndinni er bjó þarna að baki, þótti skólahaldið svolitið undarlegt.

8 Rómantísk rök fyrir uppeldisgildi sveitatinnar koma vel fram hjá Jóni Jónssyni [Aðils] (1901a) og þar útskýrir hann ciginlega hvers vegna önnur rök voru að sumu leyti fyrir skólahaldi í þær en í sveit.

9 Matthías Jochumsson (1922:209). Matthías hafði fengið styrk til að kynna sér „lyðskólaufyrirkomulag Grundtvigs“. Þorsteinn Gíslason (1963:16).

[M]ér fannst allt svo laust og óákveðið sem kennt var, sifelldur söngur og fyrirlesrar, lítl yfirheyrsla, fáar æfingar, allt miðað meira við tilfinningar en við eiginlegt nám og skilning eða ákveðna kunnáttu. ... [P]róf [voru] aukageta og eru enda enn. Skólnir áttu að vera líf, fremur en ákveðinn lærdómur, vöknun og hjartans hressing fremur en erfiði og áreynsla. Peir skyldu vekja hina ungu kynslóð til samúðar og einingar á grundvelli þjóðernis, máls, söngs og sögu.¹⁰

Í þessum tveimur tilvitnunum má sjá hvort tveggja í senn, ástæður fyrir áhuga fjölmargra Íslendinga á lýðháskólahugmyndinni og rætur deilna um flestar tilraunir til þess að starfrækja lýðháskóla hér á landi í nálægt hálfá öld, frá um 1880 til 1930. Prátt fyrir losarabraginn virtist Matthíás hafa hrifist af þeim vakningar- og menningaranda sem hann fann í Askov, flaggskipi lýðháskólanna, því um þetta efni ritaði hann talsvert í þau blöð sem hann ritstýrði.¹¹ Hann segir svo frá í endurminningum sínum um ritstjórnarskrifin á Þjóðolfi 1874–1880:

Pá hreyfði ég dálítið skólastofnunum, sniðnum eftir hinum dönsku Grundtvigs-skólum. Undirtekjur undir það mál fékk ég þó litlar sem engar ...¹².

Að vísu virtist séra Matthíás einnig vera hallur undir „real- eða gagnvísinda-skóla“¹³ og þekkja vel gagnrýni á lýðháskólana því hann varaði við því að hugsjónamenn um skólastarf færðust of mikið í fang og „fordist að fylla menn vindi eins og Grundtvigs-háskólunum er einatt horið á brýn“.¹⁴ Um hrið snerist umræða um lýðháskóla hér á landi nánast alfarið um hugmyndir Guðmundar Hjaltasonar¹⁵ og tilraunir hans til þess að halda skóla á nokkrum stöðum við Eyjafjörð.¹⁶ Eins og í Danmörku var deilt um hvernig starfrækja bæri skóla og tókust þar einkum á Möðruvellingar, sem vörðu nokkuð hefðbundið kennslu- og prófafyrirkomulag, og Guðmundur sem varði námsefni, kennsluhætti og prófleysi lýðháskólanna. Inn í þetta flétt-

10 Matthíás Jochumsson (1922:210).

11 Peir Þorsteinn Gíslason (1963:18) og Steindór Steindórrsson (1963:304) telja Matthíás hafa skrifat meira um skóla- og menntamál en nokkurn annan efnisflokk í blöð sín.

12 Matthíás Jochumsson (1922:277).

13 [Matthíás Jochumsson, ritstjóri] (1875:95).

14 [Matthíás Jochumsson, ritstjóri] (1880:102).

15 Sjá Braga Jósepsson (1986).

16 Sigurður Guðmundsson (1959:220–230) rekur sögu þessa máls alltarlega. Deilurnar náðu hámarki á árunum 1884–1885.

uðust átök um hver fengi nemendurna en dræm aðsókn var að Möðruvöllum þessi ár og veturinn 1884–1885 var aðeins einum nemanda fleira í ríkisskólanum hjá Jóni Hjaltalín en í einkaskóla Guðmundar. En svo fór að lokum að skóla Guðmundar skorti nemendur og hann var því knúinn til þess að leggja upp laupana. Pessar deilur urðu lýðháskólahugmyndinni örugglega þungar í skauti næstu árin en enginn vafí leikur þó á því að Guðmundur Hjaltason vakti samt sem áður talsverðan áhuga á stofnun og starfrækslu lýðháskóla hér á landi, með skólastarfi sínu, með fyrirlestrum og skrifum á árunum 1880–1885. Segja má að hann hafi, ásamt skoðanasystkinum, sínnum á þessum tíma, hugsjónafólkum um menntun ungs fólks, plægt akurinn og sáð fræjum þessarar hugmyndar.¹⁷

Skömmu eftir aldamótin 1900 vaknar lýðháskólahugmyndin aftur til lífsins hér á landi og birtist í að minnsta kosti fjórum ólíkum myndum. Hún birtist í almennri umfjöllun um menntamál, meðal annars um lýðháskóla. Hún birtist einnig í lýðháskóla Sigurðar Þórólfssonar og öðrum skyldum skólum og í ásetningi metnaðarfullra forkólfra bændastéttarinnar að blásu nýju lífi í bændaskólana. Þá birtist hún í mikilli sókn Íslendinga í danska og norska lýðháskóla upp úr aldamótunum.

Umfjöllun um menntamál í upphafi 20. aldar

Það eru engin tök á því hér að gera grein fyrir mikilli og fjölskrúðugri umfjöllun um menntamál á Íslandi um og upp úr aldamótunum 1900, en hún var full af lífi og krafti og sýndi iðulega talsverðan metnað. Greinar Þáls Briem (1900, 1901, 1903b, 1906) um menntun barna, unglings og bænda, Einars Hjörleifssonar [Kvaran] (1901) um alþýðumenntun og *Lýðmentun* Guðmundar Finnhogasonar (1903) bera þessum metnaði gott vitni.¹⁸ Á alþingi var lagt fram frumvarp árið 1905 um fræðslu barna og var mikil umræða um það uns það varð að lögum 1907. Nokkrar greinar voru skrif- aðar um lýðháskóla. Jón Jónsson [Aðils] (1901) sagnfræðingur gerði skýra og rækilega grein fyrir hugmyndunum að baki skólunum sem Matthías hafði gert að umræðuefní tvémur áratugum fyrr. Það var ef til vill ekki að undra þótt alltaf yrðu á milli þessara hugmynda og hins hefðbundna

17 Það væri frólegt að kanna í hve ríkum mæli er hægt að tengja frumkvöðla lýðháskólahreyfingarnar hér á landi í upphafi 20. aldarinnar við þetta frumkvæði Guðmundar. Það er eins og Eyjafjarðarsvæðið komi oft við sögu.

18 Sjá Gunnar M. Magnúss (1939), einkum kafla 7–9.

skóla því, eins og Jón minnti á, þá voru hugmyndir grundtvígsku skólanna í eðli sínu róttækar og kröfðust skólabytingar:

[Grundtvig] vildi láta alla alþýðufræðslu stefna að því takmarki að ala upp sjálfstæða, sterka, hreinhjartaða og þrekmikla kynslóð, sem væri sér fyllilega meðvitandi gildis síns, skildi sína köllun og væri fús á að gegna þjóðfélagsskyldum sínum með kostgæfni og samvisku-semi. Og hann var á þeirri skoðun að til þess þyrfti alveg að umsteypa hið venjulega skólaufyrirkomulag.¹⁹

Áhrifamest þeirra greina sem skrifaðar voru um aldamótin um þetta efni var ef til vill ítarleg ritgerð sem Jón ritaði í *Eimreiðina* árið 1902 um danska lýðháskóla.²⁰ Lárus Rist, sem var við nám í Askov árin 1903–1905, telur að grein-in hafi vakið „athygli og [valdið] því að ýmsir fóru að gefa lýðháskólunum gaum og allmargir ungrir menn héðan af Íslandi fóru að leita þangað til náms, bæði til Danmerkur og síðar til Voss í Noregi“.²¹ Í ritlingi, sem Sigurður Þórólfsson gaf út sama ár til þess að kynna lýðháskólahugmyndina og fyrirhugað-an skóla sinn, víesar hann fólk á grein Jóns til þess að fá betri hugmynd um einkenni þessarar nýju tegundar skóla.²² Sigurður var þá nýkominn frá ársdöl á Askov og ritaði á annan tug greina sumarið og haustið 1902 um menntun alþýðu og bænda bæði hér á landi og í Danmörku og fjallaði oft meira en minna um dönsku lýðháskólana í þessum greinum.²³ Á næstu árum var oft vikið að lýðháskólahugmyndinni í tímaritum. Veigamestar voru grein Boga Melsteð í *Andvara* 1907, sem hann skrifaði líklega til þess að renna stoðum undir umsókn um ríkisstyrk til stofnunar lýðháskóla sem hann hugðist stýra á Suðurlandi, og hugleidningar Jónasar frá Hriflu 1909 um Askov-skólann í *Eimreiðinni*.²⁴ Það hefur ef til vill dempað þann hljómgrunn sem lýðháskólahug-myndin fékk hér á landi að ekki ríkti full eining meðal talsmanna hennar. Þetta kemur berlega fram í endurminningum Sigurðar Þórólfssonar,²⁵ meðal

19 Jón Jónsson [Aðils] (1901b:53).

20 Páll Eggert Ólason (1963:227–229) fjallar um kynni Jóns af lýðháskólahreyfingunni.

21 Lárus Rist (1947:115). [Í kaflanum Tvö ár að Askov.]

22 Sigurður Þórólfsson (1902a).

23 Sjá Sigurð Þórólfsson (1902a–I). Sama ár var skrifð um franska alþýðuháskóla í *Fjallkonuna* sem voru cinnig kallaðir franskir lýðháskólar (*Franskir alþýðuháskólar*, 1902). Ekki er vísað í nokkrar greinar um lýðháskólamál sem Sigurður ritaði í *Plög* á næstu árum.

24 *Alþingistíðindi A* (1907:506), sjá erindi 64. Beiðni frá Boga Th. Melsteð um styrk til að stofna og halda lýðháskóla í sveit.

25 Sigurður Þórólfsson (1992:112).

annars í ummælum hans um grein Jónasar, og speglast einnig í snarþritdeilu þeirra Sigurðar og Boga Melsteð í *Lögréttu* seinni hluta árs 1907 og fram á árið 1908.²⁶

Eftir að Guðmundur Hjaltason kom heim frá Noregi og Danmörku hið síðara sinn árið 1909 var hann ráðinn erindreki ungmenntafélaganna og ritstjóri *Skinfaxa*. Á næstu árum ferðaðist hann um landið og flutti ótal fyrirlestra og fjallaði meðal annars um æskulýðsmál og alþýðumenntun og hefur líklega rætt eitthvað um lýðháskóla. Vafalaust hefur hann haft tölverð áhrif á hugmyndir fólks um ungmenntafélags- og menntamál og hann hefur sennilega átt þátt í því að halda hugmyndinni um lýðháskóla vakandi.²⁷ Að ýmsu leyti voru lýðháskóla- og ungmenntafélags- og skólastarfir nátengdar eða áttu að vera það. En það er eins og þessi tengsl hafi ekki verið mikil í raun og félögin beint athygli sinni og orku frekar að íþrótt- og skógræktarmálum í upphafi en að formlegu fræðslu- eða skólastarfi. Þetta kemur skýrt fram hjá Helga Valtýssyni sambandsstjóra ungmenntafélagsþreyfingarinnar og ritstjóra *Skinfaxa* ásamt Guðmundi. Hann vildi breyta þeirri stefnu sem honum fannst mörg ungmenntafélög hafa tekið og reyndi að áréttu vakningarhlutverk þessara félaga. Helgi taldi að hlutverk ungmenntafélaganna væri „að vekja og göfga íslenskan æskulýð, styrkja hann og stæla“ og „það er hún [þ.e. vakningin] sem er aðalatriði ungmenntafélagskaparins“. En hann taldi að mál hcfðu ekki þróast alveg sem skyldi og á því hafði hann skýringu: „Hér hjá oss kom starfshreyfingin á undan vakningunni. Oss vantaði hinn vel ræktaða jarðveg lýðháskólanna, sem félagshreyfing vor er sprottin úr. ... Hjá grannþjóðum vorum kom þjóðarvakning þessi cins og sterkur straum-

26 Sigurður Þórólfsson (1907a,b) og Bogi Th. Melsteð (1907a,b, 1908).

27 Bragi Jósepsson (1986:14) er sannfærður um þessi áhrif því hann segir: „En þótt blaðaskrifin hafi án efa haft sín áhrif, má telja víst, að fyrirlestrarnir, sem Guðmundur flutti á ferðum sínum um landið, hafi markað efirminnilegustu spórin. Með þeim var brautin rudd fyrir héðanskólanu, sem reistir voru við vegar um landið á þriðja og fjórða áratug aldariðarinnar.“ Það er örugglega ofmetið að Guðmundur hafi rutt brautina með þessum fyrirlestrum, en ekki er óseenilegt að framlag hans eftir 1909 hafi skipt máli, umfram það sem hann lagði til málanna fyrir aldamótin. Sjá t.d. ummæli Stefáns Hannessonar (1917–1918 9,4:27). Guðmundur gerir rækilega grein fyrir fyrirlestrahaldinu sínu og í samantekt haustið 1911 telur hann upp 34 efni sem hann byður áheyrendum upp á (Guðmundur Hjaltason 1911d, sjá einnig Guðmundur Hjaltason 1909b, 1911a, 1912b og Braga Jósepsson 1986:27–29). Enginn þessara fyrirlestra fjallar beinlínis um lýðháskóla eða skólamál þótt hann hafi hugsanlega vikið að þeim í einum vinsælastar fyrirlestir sínum, „Tryggð við ætjörð og hugsjónir“, en ekki er vikið að lýðháskólahugmyndinni í öðrum eftirsóttum fyrirlestri, „Til æskulýðsins“, sem hann birtir í ævisögu sinni (Guðmundur Hjaltason 1923). Þar segir hann líka almennt frá fyrirlestraverðum sínum 1909–1918 en ræðir ekki um eftni fyrirlestrana. Ef til vill hafði Guðmundur um þessar mundir minni trú á uppeldismætti formlegs skóla en ungmenntafélaganna, sem áttu „að vera sjálfssuppeldisskóli æskunnar“ (Guðmundur Hjaltason 1909a:2).

ur frá lýðháskólunum og síðan ungmennafélögin og starf þeirra sem eðlileg afleiðing þessarar vakningar.²⁸ Í næsta tölublaði er eins og Helga finnist að hann hafi vanrækt áróður fyrir lýðháskólum. Hann var nú að láta af ritstjórn blaðsins og forystu í hreyfingunni og skrifaði tilfinningaþrungna áskorun um stofnun lýðháskóla:

Bjargráð Íslands er góður og öflugur lýðháskóli á kristilegum grundvelli. Skóli er vakið getur æskulýð vorn, djúpri og varanlegri vakningu. Lýðháskóli í sveit er kennit getur æskulýðnum að skilja, meta og elska sveitalífið og vinnuna. Nú er fylling tímans komin hér á landi.²⁹

Í pistli í sama blaði herðir hann enn á:

... til þess að ungmennafélög vor geti blómgast og þroskast á þann veg er þeim var ætlað frá upphafi, – verða þau að eiga öflugan og „rammíslenskan“ lýðháskóla að baki sér – Þá er þeim borgið og með því móti einu ná þau takmarki sínu! — ... það er hróp og köllun til þjóðarinnar, æskuheit bæn um íslenskan lýðháskóla, er orðið gæti gróðrarstöð hins góða og fagra, er hreyfist með æskulýðnum. ... Þess hárrar skóli er brýnasta þörf vor Íslendinga nú á dögum.³⁰

Guðmundur tók undir þessi orð Helga en hann virðist enn vera minnugur afdrina skólatilrauna sinna í Eyjafirðinum og vísaði í skrif um lýðháskólamálin þá og síðar: „En sáralítill áhrif held ég allar þessar ritgerðir hafi haft. Mér finnst enginn hér á landi skilji enn þá að neinu ráði hvað verulegur lýðháskóli er.“³¹ Hann virðist ekki vera sérstaklega vongóður um að það takist að hreyfa við þessu hugðarefni sínu þótt hann fallist á að „[r]eyna mætti samt enn þá einu sinni að vekja athygli manna á lýðháskólanum og er þá líklega skást að snúa máli því til æskulýðsins“. Guðmundur lagði sitt af mörkum í þessu efni og skrifaði um Kristófer Brún, helsta lýðháskólafrömuð Norðmanna, langan pistil sem teygði sig yfir ein átta tölublöð í öðrum árgangi *Skinfaxa* 1911 og ritaði einnig grein í *Skólablaðið* 1912.³² En vera má að þótt þessar tvær hreyfingar væru hugmyndafræðilega eins ná tengdar og Helgi hélt fram þá virðist sem ungmennafélagshreyfingin hafi

28 Helgi Valtysson (1911a).

29 Helgi Valtysson (1911b:70).

30 Helgi Valtysson (1911c:71).

31 Guðmundur Hjaltason (1911c:65).

32 Guðmundur Hjaltason (1911b, 1912a).

ekki áorkað miklu til þess að vinna lýðháskólum fylgi hér á landi.³³ Nýr ritstjóri *Skinfaxa*, Jónas frá Hriflu, skrifaði að sönnu talsvert um skólamál í blaðið en vildi ekki hampa norraenu lýðháskólunum í sama mæli og forverar hans. Þó væk hann að nánu sambandi þessara tveggja hreyfinga í Noregi í stuttum pistli 1917 eins og þar væri um athyglisvert nýnæmi að ræða.³⁴ Þegar einstök yfirlitsrit um sögu ungmannafélaganna eru skoðuð virðist við fyrstu sýn lítið vikið að skólastarfi, þótt greinilegt sé að almennir fyrilestrar um margvísleg menningarleg efni hafi verið mjög mikilvægur þáttur í starfi ungmannafélaganna framan af.³⁵

Lýðháskóli Sigurðar Þórólfssonar 1902–1920

Lífeigasta og best heppnaða tilraun til þess að stofna lýðháskóla hér á landi er scnnilega, enn sem komið er, skóli Sigurðar Þórólfssonar sem lengst af var starfræktur að Hvítárbakka í Borgarfirði.³⁶ Sigurður virðist snemma hafa stefnt að því að helga sig kennslu- eða fræðslustarfi. Hann nam hjá Torfa í Ólafsdal og síðar í gagnfræða- og kennardeildinni í Flensborg. Um aldamótin 1900, eftir að hafa kennt börnum og unglungum í næstum áratug, vildi hann afla sér frekari menntunar og var við Askov veturninn 1901–1902. Sigurður telur að samtal við Pál Briem amtmann hafi ráðið nokkru um þessa námsferð sína: „Niðurstaðan af samtalini varð sú að hann ráðlagði mér að sigla til Danmerkur og stunda nám við Askovlýðháskóla. Um það var einnig talað að ég svo kæmi heim og reyndi að koma á fót alþýðuskóla með lýðháskólasniði og hafa skólann í svic.“³⁷ Páll útvegaði honum einnig styrk til fararinnar. Veturninn 1902–1903 forprófaði Sigurður svo lýðháskólahugmynd sína með kvöldskóla í Reykjavík og two næstu vetur stýrði

33 Það er ábyggilega of sagt þegar því er haldið fram að það verði „hlutverk ungmannafélaganna að berjast fyrir menntun unglunga og ávextirnir af þeirri baráttu vorða héraðsskólanir viðsvegar um landið“ (Gunnar Kristjánsson 1983:247).

34 [Jónas Jónsson, ritstjóri] (1917). Hins vegar er enginn vafí á því að Jónas skildi vel mikilvægi skólahalds fyrir uppbyggingu sterkrar hreyfingar. En þáttur hans í uppbyggingu Samvinnuskólangs og héraðsskólanna er önnur saga.

35 Ekkert er um skólamál hjá Guðmundi Davíðssyni (1915), en eilitíð hjá Geir Jónassyni (1938:86, 115, 220–221) svo dæmi séu nefnd, og Gunnar Kristjánsson (1983) nefnir þetta aðeins á bls. 247–248. Hitt er jafn líklegt að það hafi oft verið sama fólkid sem var virkt í ungmannafélögum og beitti sér fyrir skólahaldi og þess vegna hafi þessi málefni sums staðar fléttast saman.

36 Efnn sem speglast í þessari setningu tengist einkum því hvort telja skuli alþýðuskólan (síðar héraðsskólan) að Núpi, Eiðum og Laugum til lýðháskóla. En það er efni í aðra hugleiðingu.

37 Sigurður Þórólfsson (1992:93). Sjá einnig Magnús Steinsson (1974:17–18).

hann skóla sömu ættar í Búðardal. Haustið 1905 lagði hann svo grunninn að Hvítárbakkaskólanum sem hann stýrði til 1920 er hann soldi Borgfirðingum skólann. Hann hafði þá haldið skóla með lýðháskólasniði í sveit í sautján ár. Þann tíma sem Sigurður stýrði Hvítárbakkaskólanum sóttu hann á fjórða hundrað nemendur, þar af voru stúlkur tæpur þriðjungur. Hugmyndir Sigurðar voru greinilega mjög mótaðar af dönsku hugsjóninni, einkum því að menntun ætti að kveikja hugsjónaelda hjá æskunni. Hugsunin kemur skýrt fram í áðurnefndum ritlingi sem hann samdi til þess að laða fólk að skólanum. Þar gerir hann grein fyrir hugmyndum erlendra manna um lýðháskóla og dregur svo saman sínar eigin. Menntunin á að vekja, tendra, verma og göfga og þau lykilmarkmið hennar verða að ráða fyrirkomulagi skólastarfsins. Í stuttum kafla lýsir hann aðalsmerki lýðháskólakennslunnar, hinu lifandi orði og áhrifamætti þess:

Öll fræðsla í fyrirlestraformi er betur lögud til þess að vekja eftirtektina, til þess að glæða og vekja, en lexíunámið. Kennarinn hefur meira vald yfir efninu, að gera það að sínu hjartans máli, en það er skilyrði fyrir því að það fái jarðveg í hjörtum nemendanna, að það vermi þar og kveiki göfugt og sterkt hugsjónalfi þeirra. Þær námsgreinarnar sem manni finnst þurrar og leiðinlegar í gagnfræðaskólanum, hlustar maður á hugfanginn í lýðháskólanum. Efnið er hið sama, en það er klætt í annan búning. Margt af því einstaka sem kemur fram í fyrirlesrunum gleymist, en höfuðatriðin, lífspráðurinn í frásögninni læsir sig inn í sálina; hún tileinkar sér það. Það er ljósgeisli sem aldrei fellur neinn skuggi á í lífinu. En lexíunámið hrynnur utan af manni nálega strax og komið er út fyrir skóladyrnar. Lýðháskólarnir gefa nemendum sínum heilbrigtr og göfugt prógram til að lífa fyrir og standa við í lífinu. Þeir koma því á hreyfingu sem best er til í mannssálinni.³⁸

Um skóla Sigurðar var svolitið deilt, þótt deilurnar virðist ekki hafa verið neitt í líkingu við þær sem áður stóðu um skóla Guðmundar Hjaltasonar, enda var Hvítárbakkaskólinn ekki í beinni samkeppni við aðra skóla. Helst var deilt um prófaleyzið en sú deila snerist sennilega ekki síst um tengslin við aðra skóla í kerfi sem var að mótað, það er um hið formlega veganesti sem nemendur fengu.³⁹ En afstaða til skólans í heraði virðist almennt hafa verið jákvæð.⁴⁰ Ýmsir forystumenn í skólamálum vildu samt lítið af honum

38 Sigurður Þórólfsson (1902a).

39 Sjá t.d. Magnús Sveinsson (1974:22–23, 27, 30).

40 Sjá Magnús Sveinsson (1974:21, 28, 32).

vita eða létu sem hann væri ekki til. Jón Þórarinsson leiðir hann alveg hjá sér í tveimur ritstjórnargreinum árið 1912.⁴¹ Í grein um unglingskóla gerir hann því skóna „að nýtilegur lýðháskóli geti orðið til, og starfað til mikillar blessunar“⁴² og í stuttíri en greinargóðri grein um lýðháskóla vill hann gera miklar kröfur til slíks skóla og „hvort sem lýðháskóli verður settur hér á laggirnar fyrr eða síðar, þá gefi hamingjan, að hann líkist skóla gamla Grundtvigs í fleiru en því að sleppa „lexíulestri“ og prófi. ... skóli sem líkist lýðháskóla í því einu að sleppa þessu hvorutveggja, verður aldrei „skóli fyrir lífið““.⁴³ Erfitt er að finna vísanir til skólans í fjölbættum skrifum Jónasar Jónssonar frá Hriflu um skólamál. Til dæmis er ekkert á hann minnst í umræðu um lýðháskólamál í *Skinfaxa* 1917.⁴⁴ Sigurður Guðjónsson (1920–1921) hreinlega hafnar því að norræni lýðháskólunn hafi náð „að ryðja sér braut á meðal vor“.⁴⁵ Hvítárbakkaskólunn virðist ekki heldur hafa verið ofarlega í huga Freysteins Gunnarssonar í frásögn af íslenskum lýðháskólum á þingi starfsfólks norrænna lýðháskóla árið 1921.⁴⁶ Eins virðist hann gleymast í allítarlegu yfirliti sem kennari skrifar í *Tímann* 1919, þótt þar sé minnst á aðra skylda skóla.⁴⁷ En þótt skóli Sigurðar hafi verið eins hrænraður lýðháskóli og hægt var að búast við var hann ekki sá eini sem ætti að setja í flokk lýðháskóla. Skóli Sigtryggs Guðlaugssonar að Núpi sem starfaði frá 1907 var náskyldur honum enda var samþykkt frá upphafi „að kennslu-aðferðin fari í Grundtvígska stefnu að svo miklu leyti sem ástæður leyfi“.⁴⁸ Ýmsir

41 Það má vera að hann sé sá J. P. (1903) sem setur spurningarmerkni bæði við fyrilestrafelögin sem Sigurður (1902g,l) ræðir í *Plagi* og við lýðháskólana.

42 Jón Þórarinsson (1912a:52).

43 Jón Þórarinsson (1912b:115).

44 [Jónas Jónsson (frá Hriflu, ritstjóri)] (1917:62–63). Enginn er skrifafundur fyrir pistlinum, en Jónas er ritstjóri og fylgdist vel með þessum málum.

45 Sigurður Guðjónsson (1920–1921:12,1–2:3). Þetta má ef til vill til sanns vegar fáa en hann minnist ekki á Hvítárbakkaskólann þegar hann vísar til þróunar hér á landi, en umsjöllun hans er að vísu mjög almennu. Hins vegar ræðir hann Hvítárbakkaskólann í *Højskolebladet* nokkrum árum síðar (Sigurður Guðjónsson 1924).

46 [Freysteinn Gunnarsson] (1921:dálkur 1182). Hér er haft eftir Freysteini og því alls ekki ljóst hvort hann hefði verið sáttur við orðalagið. Textinn í blaðinu er: „... fik den unge islandske Højskolemand Fr. Gunnarsson Ordet for at fortælle lidt om den islandske Højskole, der er af ganske ny Dato, idet den Højskole, som findes for Tiden deroppe, kun er 2 Aar gammel. ... Der vil i nært Fremtid blive oprettet to nye Højskoler på Island.“ [Hér er orðið *Højskole* þýtt sem *lyðháskóli*.] Hann á hér ugglaust við Eiðaskólann og ef til vill síðan við fyrirhugaðan skóla á Suðurlandi sem hann átti sjálfur að stýra, og skólanum í Þingeyjarsýslu.

47 Kennari (1919). Þar segir m.a. „Á Vesturlandi hefur um nokkur ár verið haldið uppi tveimur sveitaskólum: Á Núpi við Dýrafjörð og í Hjarðarholti í Döllum.“

48 Halldór Kristjánsson (1964:84).

fleiri unglingskólar sóru sig í ættina.⁴⁹ Það er vafalaust í höfuðatriðum rétt hjá Birni H. Jónssyni, skólastjóra í Vestmannacyjum, sem mælir fyrir lýðháskóla á Suðurlandi árið 1920, að ávextir lýðháskólalahreyfingarinnar hér á landi, séu „[e]inn lýðháskóli, unglingskólkarnir sumir og umgmennafélogin“.⁵⁰ Ég er ekki viss um hvort Björn á hér við Hvítárbakkaskólann eða Alþýðuskólann á Eiðum, en tek það svo að hann eigi við þann fyr nefnda. En hann gleymir bændaskólunum og vanmetur áhrif hins stóra hóps fólks sem hlotið hafði menntun á lýðháskólum hér á landi en ekki síður þess stóra hóps sem numið hafði við lýðháskóla erlendis.

Búnaðarskólar – bændaskólar

Á árunum 1880–1890 voru stofnaðir fjórir búnaðarskólar á Íslandi.⁵¹ Skipulag kennslunnar virðist hafa verið keimlíkt því sem var í Noregi á þessum tíma, ekki síst því sem var í skólanum í Stend.⁵² Námið tók tvö ár, var bæði bóklegt og verklegt og nemendum bar að taka þátt í bústörfum á skólabúinu. Starfræksla búnaðarskólanna fjögurra gekk hálfersíðlega. Í umræðum um skólana um aldamótin 1900 var deilt um hve margir þeir þyrftu að vera, hvort þeir þyrftu allir að vera með sama sniði og einnig hvort ekki bæri að aðskilja bók- og verknám og jafnvel hvort ekki væri hagkvæmt að stofna einn öflugan bóklegan búnaðarskóla í Reykjavík en verknamið færi fram annars staðar. Segja má að deilur um hvort bók- og verknám þyrfti að fara fram á sama stað hafi snúist um hvort nota bæri danska eða norska búnað-

49 Meðal unglingskólanna auk Eiðaskóla og skólans að Núpi var skóli Ásgríms Magnússonar í Reykjavík, sem hof göngu sína árið 1909 og var starfræktur til 1931. Um hann segir Þóroddur Guðmundsson (1973:2): „... unglingskennslan fór fram á kvöldin eftir vinnutíma og svo með kennsluðferðum, sem meðal annars voru í fyrilestraformi að demji lýðháskólanna dönsku, sem var nýjung á þeim tíma, enda var unglingskólinn kennndur við þá og varð kunnur undir nafnumi Luðskóli Ásgríms Magnússonar eftir látt hans [1912].“ Sjá einnig Guðlaugur Teitsdóttur (1980). Í fylgiskjölum I og II með *Umgmennafræslunni og sérfræslunni* (1922) er yrifilt um 30 eins árs unglingskóla og 11 tveggja ára gagnfræða- og unglingskóla sem starfræktir voru á árunum 1910–1920. Ekki hefur verið gerð nein greining á því hverju þessara skóla mættu teljast ættaðir frá norrænum lýðháskólum.

50 Björn H. Jónsson (1920:3).

51 Sjá Helga Elíasson (1946) og Guðmund Jónsson (1979:27–31). Búnaðarskóli Torfa Bjarnasonar í Ölausdal var stofnaður 1880, Búnaðarskólinn á Hólum var stofnaður 1882, Búnaðarskólinn á Eiðum var stofnaður 1883, og loks Búnaðarskólinn á Hvanneyri árið 1889.

52 Guðmundur Jónsson (1979:30). Sjá einnig Sigurð Sigurðsson, ráðunaut (1904:41) og Jónas Þorbergsson (1960:85). Torfi Bjarnason (1892:4), skólastjóri fyrsta búnaðarskólans segir: „Vér höfum byrjað á búnaðarkennslunni með sömu tilhögum og Norðmenn, ...“ Það var sameiginlegt fyrstu skólastjórum hinna skólanna, þeim Jóscf J. Björnssyni, skólastjóra Hölaeskóla, Guttormi Vigfússyni, skólastjóra Eiðaskóla og Sveini Sveinssyni, skólastjóra Hvanneyrarskólans, að hafa útskrifast frá búnaðarskólunum í Stend.

arskóla sem fyrirmynnd.⁵³ Í norsku skólunum fór verknámið iðulega fram á skólabúinu og var fléttarð saman við bóknámið, en í dönsku skólunum fór starfsþjálfun einatt fram á fyrirmyndarbúum. Að vísu er þetta einföldun því í báðum löndunum voru til skólar með mjög ólíku sniði. Aðskilnaðarstefnan virðist einnig hafa verið ráðandi í Þýskalandi um langt skeið, því þar var lögð áhersla á að sameina bóklegt búfræðinám og almennt gagnfræðanám.⁵⁴ Upp úr aldamótunum virtust breytingar á búfræðimenntuninni á Íslandi fá byr undir báða vængi. Þær áttu sér viða upptök. Hver nemandi var dýr og verklega námið þótti gamaldags og gagnslítið auk þess sem það var nemendum þungt í skauti því þeir voru bundnir við það heilt sumar.⁵⁵ Ýmsum þótti tilefni til þess að auka mjög almenna menntun bændastéttarinnar meðal annars með því að leggja sérstaka rækt við bóklegt nám.⁵⁶ Inn í þessa umræðu fléttarðist lýðháskólahugmyndin danska sem hafði fengið talsverðan almennan hljómgrunn og setti mark sitt á umræðu um menntamál, meðal annars bændastéttarinnar eins og nú skal vikið að.

Í þessari deiglu allri vógu breytingarnar á Hólum og sýnileg áhrif þeirra áreiðanlega mjög þungt. Hólaskóli var settur undir amtsráð Norðuramtsins árið 1899 og innan tíðar voru gerðar afdrifaríkar breytingar á skólanum⁵⁷ ekki síst fyrir atbeina Páls Briem amtmanns.⁵⁸ Umbylting skólastarfsins var í höndum hins nýja skólastjóra, Sigurðar Sigurðssonar, sem tók við skóla-

53 Sjá Torfa Bjarnason (1892:2–4).

54 Sjá yfirlit Sigurðar Þórólfssonar (1898) um skipulag búnaðarfræðslu í Evrópu á 19. öld. Það má segja að hugmyndirnar sem voru uppi á alþingi árin 1875–1878 um námskrá Möðruvallaskólangs hafi verið mjög í efti við þessu skólagerð.

55 Sjá t.d. Guðmund Jónsson (1979:98–99). Þetta kemur einnig skýrt fram í grein sem Stefán Stefánsson (1903), kennari á Möðruvöllum og amtsráðsmáður fyrir Eyjafjarðarsýslu, skrifaði um breytingarnar á Hólaskóla: „... hvers vegna fyrirkomulagi Hólaskóla var breytt. Aðsóknin að skólatum fór þverrandi ár frá ári, mest fyrir þá sök, að menn fundu til þess hve verklega kennslan var ónog. Æfingin var svo lítil, sem hver nemandi sékk í hinum vandameiri störfum, t.d. plægingu, að ekki þótti til hennar kostandi allri sumarvinnunni.“ Þórhallur Bjarnarson, Þétur Jónsson og Hermann Jónasson (1905:4–5) víkja einnig að þessu í athugasemdum með lagasfrumvarpi sínu um búnaðarfræðslu.

56 Dæmi um þann málflutning er viða að finna, meðal annars hjá Páli Briem (1903) í greininni um menntun bænda, Birni Bjarnarsyni (1902) í grein um samtengingu almennumrart menntunar bænda og gagnfræðafræðslu, hjá Sigurði Sigurðssyni (1907), ráðunaut og alþingismanni, í Þjóðolfi og Sigurði Sigurðssyni (1908), skólastjóra, í Frey.

57 Stefán Stefánsson (1903) segir að ákvæðið hafi verið að „... breyta fyrirkomulagi skólags þannig, að kennsla yrði að mestu leyti bókleg, og fari eingöngu fram að vetrinum, en svo væri nemendum gefinn kostur á að læra og æfa sig í hinum vandameiri jarðyrkjustörfum að vorinu, hjá þeim mönnum, er kynnu þau til fullnstu ...“

58 Páll Zóphóniasson (1937:V–XVI). Sjá einnig Pál Briem (1903a). Það má segja að tveir lýðháskólar hafi tekið til starfa haustið 1902, annar í Reykjavík og hinn að Hólum, báðir fyrir tilstilli Páls.

stjórn á Hólum 1902, og Jósefs J. Björnssonar, sem verið hafði skólastjóri á Hólum tvívegis um langt árabil og var skipaður fastur kennari skólans þegar Sigurður tók við skólastjórninni. Sigurður gerir grein fyrir almennum hugmyndum sínum í grein í *Frey* 1908 þar sem hann fylgir eftir hugmyndum Páls Briem. Hann telur að bændum standi fyrir þrifum vanmáttur og þróngur sjóndeildarhringur:

En úr þessu bætur menntunin; ekki sá fróðleikur, sem fólginn er í því að læra svo og svo mikið og kunna það utanbókar, heldur sú menntun sem auðgar andann að nytSAMRI þekkingu. Hér við skil eg þá þekkingu og menntun sem göfgat hugsunarháttinn, glæðir áhugann, eykur þróttinn, rýmkar útsýnið og syllir menn guðmóði dáðrikis og drengskapar.⁵⁹

Parna koma einnig við sögu séra Zóphónías Halldórsson, prestur í Viðvík, sem var skipaður eftirlitsmaður skólans og kenndi þar auk þess íslensku og „lagði mikinn hug á að þroska dómgreind nemenda sinna“⁶⁰ og Sigurður Sigurðsson [kennari frá Fögruhlíð] sem meðal annars fjallaði um lýðháskólastarf á bændanámskeiðunum.⁶¹ Allt bendir til þess að fullur einhugur hafi ríkt meðal allra þessara manna um þær breytingar sem gerðar voru á skólahaldinu á Hólum. Jósef segir í blaðagrein sem hann sendir frá Danmörku 1903, greinilega hrifinn af danska fyrirkomulaginu sem hann þekkti þó vel fyrir: „... þá getum við lært mikið af Dönum, ... Þess vegna var það að ég mælti fram með því ... 1901, að Hóla skóla yrði breytt, og það fyrirkomulag tekið upp við hann, sem hann nú hefur eða annað í sömu átt.“⁶² Nýir vindar blésu svo sannarlega um Hóla og breytingarnar skiptu sköpum. Aðsókn margfaldaðist, margir nýju nemendanna héldu til framhaldsnáms að lokinni Hólavist, virkt nemendafélag, Hólamannafélagið, var stofnað, stutt námskeið fyrir bændur voru haldin við skólann og til hans má að nokkru

59 Sigurður Sigurðsson [skólastjóri] (1908:61). Sigurður rekur breytingarnar og aðdraganda að þeim í skýrslu sem hann skrifaði um það leyti sem hann létt af stjórn Hóla skóla 1920, sjá Jónas Þorbergsson (1960:85).

60 Gunnlaugur Björnsson (1957:203).

61 Að tilhlutan Hólamannafélagsins flutti Sigurður [kennari] erindi á bændanámskeiði á Hólum í febrúar 1907, sem hann nefndi „Um nauðsyn lýðháskóla á Íslandi“ og í mars á Sauðárkrúki flutti hann erindi sem hann nefndi „Lýðskólar“ (Skýrsla Hólamannafélags 1907, 1908). Sigurður fjallaði um þetta og svipuð einfni nokkrum sinnum síðar. Samtímis voru á Hólum um langt skeið Sigurður Sigurðsson, skólastjóri [frá Draflastöðum], árin 1902–1920, og Sigurður Sigurðsson, kennari [frá Fögruhlíð], árin 1905–1919.

62 Jósef J. Björnsson (1903:114).

rekja stofnun Ræktunarfélags Norðurlands.⁶³ Ekki leikur nokkur vafi á því að áhrif frá dönsku búnaðarskólunum⁶⁴ og dönsku lýðháskólahreyfingunni réðu talsverðu um þá stefnu sem tekin var. Jakob H. Líndal, sem var viðloðandi skólan og þekkti til dönsku hreyfingarinnar, segir í dómi sínum 1909 um breytingarnar frá 1902: „Það, sem ef til vill öðru fremur einkennir hið nýja tímabil, er frjálslegt fyrirkomulag, vekjandi áhrif og hvöt til dáða og drengskapar. Það er lýðháskólastefnan, sem hér hefir að nokkuru samþýðst þurrum lærðomi búnaðarnámsgreinanna.“⁶⁵ Tónn hafði verið gefinn fyrir talsverðar breytingar á búnaðarfræðslunni og jafnframt ný viðhorf til menntunar bænda. Sá tónn hljómaði skýr og tær í frumvarpi millipinganefndar um bændaskóla sem samþykkt var í öllum aðalatriðum á alpingi 1905.⁶⁶ Auk þess að ákveða að ríkið styrkti aðeins two skóla (á Hólum og á Hvanneyri), var verklegt nám fellt úr skyldu og ákveðið að námið ætti að vera á bókina: „[B]óklega náminu [var] gefinn húsbondaréttur yfir verklega náminu.“⁶⁷ Einnig var mælt fyrir um að kennsluhættir ættu að vera meira í fyrirlestraformi og ekki var nemendum lengur gert skylt að taka próf þótt það væri hægt ef þeir kysu. Þá var mælt fyrir um námskeiðahald, minnst viku á hverju ári til þess að efla almenna fræðslu um landbúnað meðal bænda. Samhengið í þessum breytingum öllum speglast þó best í breyttu heiti: Nú skyldu skólarnir heita bændaskólar en ekki búnaðarskólat. Rökin voru þau að námið átti að vera undirstaða alhliða menntunar fyrir bændur landsins, frekar en fræðsla sem væri aðeins um landbúnað. Í greinargerð með frumvarpinu segit:

Markmið þessara skóla er eigi að skapa „búfræðinga“ heldur bændur, með þroskuðum skilningi og aukinn áhuga á lífsköllun sinni. ...

Greinin [3. gr.] ber það með sér að lýðháskólabragur á að vera á bændaskólum vorum. Skólarnir eiga eigi síður að vekja en fræða. ... Íslenskir bændur eiga þeir að vera sem frá skólunum koma og því verð-

63 Sjá samantekt Jakobs H. Líndals (1909:39–40) í tilefni 25 ára afmælis Hólaskóla.

64 Varla leikur nokkur vafi á því að áhrifin voru dönsk. Hins vegar er jafn ljóst að svipaðar hræringar voru í Noregi á seinni hluta 19. aldarinnar, sjá t.d. umfjöllun Sigurðar Sigurðssonar [ráðunauts frá Langholti] (1900) um búnaðarskóla í Noregi. Á fundi amtsráðs Norðuramtsins í júní 1901 voru lagðar fram ýmsar skýrslur um búnaðarskóla bæði í Danmörku og Noregi. Sjá einnig yfirlit þeirra Jósefs J. Björnssonar og Sigurðar Sigurðssonar [skólastjóra frá Draflastöðum] (1905) um sögu búnaðarskóla.

65 Jakob H. Líndal (1909:39). Hann var á Askov veturni 1906–1907.

66 Þórhallur Bjarnarson, Pétur Jónasson og Hermann Jónasson (1905).

67 Sjá Guðmund Jónsson (1979:130).

ur að leggja svo mikla rækt við móðurmálið og sögu landsins og skilninginn á nútíðarhag þess og framtíðarhorfum.⁶⁸

Með lögnum var staðfest gjörbreytt stefna í skipulagi búnaðarskólanna og þeim breytt í átt að lýðháskólunum dönsku.⁶⁹ Erfitt er að meta hve miklar breytingar urðu á náminu í reynd og fátt er auðveldara en að ofmeta áhrif formbreytinga og einfalda ætterni þeirra. En margt bendir til þess að starf íslensku skólanna hafi að mörgu leyti lagað sig að þeim dönsku, samanber það sem þegar hefur verið sagt um Hólaskóla. Nú verður reynt að færa rök fyrir því og vikið að hverjum skóla fyrir sig í aldursröð þeirra.

Skólinn í Ólafsdal lagðist af 1907 svo ekkert er frekar um hann að segja. Um Hólaskóla geginn örðru máli eins og þegar hefur verið rakið. Þórhalli Bjarnarsyni fannst Sigurður skólastjóri í raun vera búinn að breyta því sem ráðgert var í frumvarpinu og segir að á „Hólum þarf litlu að breyta í kennslufyrirkomulaginu“ og það er ljóst að frumvarpið var að mörgu leyti sniðið eftir þeim breytingum sem þar höfðu verið gerðar.⁷⁰ Vandi Eiðaskóla minnkaði vitaskuld ekki við hin nýju lög og tilvistarbaráttan var hörð. Nýtt skólahús var reist 1908 og ný reglugerð var að mestu leyti í anda laganna um bændaskólana tvo. Hún gerði ráð fyrir að kennsla væri meira með fyrirlestrasníði en áður, að ekki væru haldin próf, að haldin væru námskeið fyrir bændur tvísvar á vettu og létt af skyldu nemenda við bústörf á Eiðabúinu.⁷¹ Árið 1910 tekur Metúalem Stefánsson við skólastjórn og Benedikt Blöndal verður aðalkennari ásamt honum en þeir höfðu kennt saman á Eiðum áður.⁷² Um það útmabil sem nú var að hefjast með samstarfi þeirra tveggja segir Benedikt Gíslason frá Hofteigi:

68 Þórhallur Bjarnarson, Pétur Jónasson og Hermann Jónasson (1905:8). Þórhallur Bjarnarson (1906:141–144) ítrekar trúllatrú síná á lýðháskólalugmyndinni í frásögn sinni frá alþingi 1905. Hann hafði verið hallur undir lugmyndina fyrir samanber ummæli hans í umræðu á alþingi árið 1902 um gagnfræðaskóla á Akureyri vegna hugsanlegra breytinga í kjölfar brunans á Möðruvöllum: „Máske yrði skólanum breytt í alþýðu-háskóla, smiðnum eftir hinum grundtvígsku skólum í Danmörku og jafnt konur sem karlar skyldu eiga þar aðkvæmt og er ég því fylgjandi fyrir mitt leytí“ (*Alþingistíðindi B* 1902:394).

69 Þótt skólnir séu hér nánast flokkaðir sem lýðháskólar, þá fannst þeim sem þekktu hina sinni drætti það alls ekki mega. Sigurður Þórólfsson (1905) fagnar ýmsu í frumvarpinu um bændaskólana og útskýrir ánægju síná. Hann fellst á að þeir muni fá lýðháskólabrag en verði ekki lýðháskólar, einkum vegna þess að þeir hafi annað aðlunarverk.

70 Þórhallur Bjarnarson (1906:142). Þetta styður Páll Zóphóniasson (1937:VII) þegar hann víkur að breytingunum á búnaðarfræðslunni: „Hólaskóla hafði fyrir atbecina Þáls Briem antmanns verið breytt í þetta horf 1902 og það þá gefist vel að því er aðsókn snertir og mun það hafa ráðið mestu um að löginn náðu samþykki.“ Undir þetta tekur Guðmundur Jónasson (1979:101): „Reynslan frá Hólum varð aðalkjarninn í lögnum frá 1905 ...“

71 Benedikt Gíslason (1958:191, 215).

72 Metúalem hafði verið í námi í Ólafsdal og á Landbúnaðarháskólanum Ásí í Noregi. Benedikt lauk námi á Hvanneyri og síðar frá Landbúnaðarháskólanum danska. Hann dvaldi um tíma við nám í Askov.

Fyrir hina nýju kennsluhætti, fyrirlestrakennslu, var Blöndal kjörinn maður. Hann hafði menntast í Danmörku og komist í snerting við lýðskólana dönsku, anda þeirra og áhrif, og nú leyfðu fyrirlestra-kennsluhættirnir honum að vinna nokkuð í stíl við þá. Ekki þurfti að taka próf frekar en í dönsku lýðskólunum, og hvað var þá réttara að gera en að nota fagurfræðilegt áhrifavalð í kennslunni eins og í dönsku lýðháskólunum? ⁷³

Metúsalem taldi samt sem áður að prófin væru nauðsynleg og kom þeim á aftur, en það varð hann að gera í samráði við nemendur þar sem reglugerðin krafðist ekki prófa. „Hins vegar skildi Metúsalem að skólanum var mikil þörf á hinu lýðskólalega sjónarmiði og honum varð tvennt að ráði og bæði áhrifaríkt í því efni. Hann kom nú á bændanámskeiðunum ... og hann réð tímakennara við skólann, meðal annars í söng og leiksmi.“⁷⁴ Um námskeiðin segir Benendikt Gíslason: „Með bændanámskeiðunum á Eiðum hófst sá lýðskólalegi fræðsluandi í héruðum austanlands, sem menn höfðu ekki áður kynnst.“⁷⁵ Námskeiðin voru í senn áhrifaríkt og áberandi sérkenni lýðháskóla og með þeim hafa líklega skapast betri tengsl á milli skóla og fólks í skólahéraðinu en með nokkru öðru fyrirkomulagi: Allt yfirbragð skólastarfsins á Eiðum var því í sama anda og á nokkuð dæmigerðum dönskum bændaskóla af lýðháskólaætt. Benedikt Blöndal staðfesti tryggð sína við lýðháskólahugsjónina nokkru síðar í innblásinni málsvörn fyrir hana í umfjöllun um Eiðaskóla eftir breytinguna 1919. Þar gerir hann í einföldu og skýru máli grein fyrir muninum á starfsaðferðum skóla sem vekja og þeirra sem fræða.⁷⁶

Á Hvanneyri var ungur náfrændi Þórhalls Bjarnarsonar, Halldór Vilhjálmsson, ráðinn skólastjóri, nýútskrifaður landbúnaðarkandídat frá Danmörku. Þessi ungi maður, sem hafði verið vinsæll kennari á Eiðum einn vetrur, virtist hafa vilja og alla burði til þess að gera lýðháskólahugmynd Þórhalls að veruleika á Hvanneyri. Auk þess að eiga að baki fjölbætt nám í ýmsum greinum landbúnaðar hafði hann dvalið á Askov veturinn 1904–1905 ásamt fleiri Íslendingum og orðið fyrir miklum áhrifum af þeim menning-

73 Benedikt Gíslason (1958:215). Benedikt notar oftast orðið lýðskóli þótt orðið lýðháskóli komi hér fyrir.

74 Benedikt Gíslason (1958:216).

75 Benedikt Gíslason (1958:218).

76 Benedikt Blöndal (1925).

aranda sem þar sveif yfir vötnum.⁷⁷ Það er fjölmargt, auk lagarammans, sem bendir til að þessi skólahugsjón hafi einmitt ráðið miklu á Hvanneyri. Í fyrsta lagi eru skjalfestar hugmyndir Halldórs um skólamál. Hann segir til dæmis í bréfi 1906: „Það er nú samt lýðháskólahreyfingin og kenning gamla Grundtvigs, sem við þyrftum að fá.“⁷⁸ Í öðru lagi er ýmislegt í kennslufyrirkomulagi og námskrá á Hvanneyri dyggilega útfært eins og lög og reglur gerðu ráð fyrir, meðal annars próflaus kennsla og fyrilestrar, sem bersýnilega speglar dönsku lýðháskólana að mati Bjarna Guðmundssonar (1995) sem segir um Halldór:

Hann létt hætta að kenna með gamla lexísfyrirkomulaginu en lagði þeim mun meira upp úr fyrilestrum. Námið fékk meiri keim sjálfsnáms með hjálp kennaranna. Skólastarfið fékk sterkt einkenni lýðháskólans.⁷⁹

Hann lagði einnig mjög mikla áherslu á söng, leikfimi og smíði, sem allt voru námsgreinar sem sátu á háum stalli í námskrá fjölmargra lýðháskóla, og með þessu skerpti hann ættarmótið.⁸⁰ En það fór að vísu hjá Halldóri eins og mörgum sem að öðru leyti hugnaðist margt í lýðháskólahugmyndinni að hann gafst upp á prófleysi og beitti sér fyrir því að próf voru tekin upp árið 1913.⁸¹ Vegna þess máls skrifar Halldór í bréfi til ráðuneytisins, raunar fyrir hönd beggja bændaskólanna, og undirstrikar hve dönsku áhrifin voru sterkt: „Reynsla okkar við skólana hefir kennt okkur það að nemendur okkar eru ekki allir eins námfusir og skylduræknir og æskilegt væri og teljum við það ófeað að próf muni herða á þeim. En það er líka annað sem okkur þykir óþoland. Það komast allir hindrunarlaust í gegnum skólana. Þar er eftirhermukákið frá dönsku lýðháskólunum.“ Í þriðja lagi bendir menntun þeirra kennara sem Halldór réð til sín fyrsta áratuginn sem hann stýrði skólanum til þess að lýðháskólahugmyndin hafi verið lifandi á Hvanneyri, að minnsta kosti um hríð. Allir kennrarar á Hvanneyri á árunum

77 Það má túlka ummæli Lárusar Rist (1947:147) svo að Halldór hafi hreinlega verið þarna til þess að undirbúa sig undir skólastjórnina.

78 Bjarni Guðmundsson (1995:65). Ég gerði mér fyrst grein fyrir þessum frókum lýðháskólahugmyndarinnar í bændaskólunum við lestur bókar Bjarna.

79 Bjarni Guðmundsson (1995:71). Hann styðst þarna einkum við útlisun Páls Zóphóníassonar (1937:X).

80 Páll Zóphóníasson (1937:X).

81 Bjarni Guðmundsson (1995:110). Sjá einnig Guðmund Jónsson (1979:100, 134) og Gunnlaug Björnsson (1957:202, 223). Þróf fóllu aldrei alveg niður í bóklega náminu, þótt nemendur þyrftu ekki að taka þau en voru sett aftur inn í reglugerð 1913. Í verklega náminu voru þau aftur á móti að mestu aflögð þar til þau voru tekin upp í nýjum lögum 1930.

1907–1920 höfðu verið á dönskum lýðháskóla, þar af fjórir á Askov (þar með talinn Halldór).⁸²

Það er því ekki fjarri lagi að flokka íslensku bændaskólana á árunum 1907–1920 sem danskættraða lýðháskóla, þótt þeir hafi ekki haft þá nafngift og falli ekki að þeirri mynd af dönskum lýðháskóla sem útfærslur þeirra Guðmundar Hjaltasonar eða Sigurðar Þórólfssonar kalla fram. Þetta virðist eiga við um skólana á Hvanneyri og á Hólum, sem voru nánast gerðir að dönskum bændalyðháskólum með lögunum 1905, en á líklega ekki síður við um skólann á Eiðum. Prátt fyrir að prófkrafa hafi fljóttlega verið tekin upp í einhverjum mæli við alla skólana var kennslufyrirkomulagið, námsgreinarnar (bóknámið, ásamt mikilli áherslu á söng og leikfimi) og breytt fyrirkomulag vcrklega námsins allt ættað beint frá dönsku lýðháskólunum auk röksemdanna fyrir því að almenn menntun ætti að vega þungt í námskrá bændaskólanna og áherslunnar sem lögð var á alþýðufræðslu með námskeiðahaldi. Niðurstaðan er því sú að bændaskólarnir þrír hafi verið raunverulegt og sterkt vígi lýðháskólahugmyndarinnar á Íslandi um langt árabil.

Íslendingar í lýðháskólum erlendis

Það hefur þegar komið fram að Íslendingar stunduðu nám í dönsku lýðháskólunum á fyrstu áratugum 20. aldar. Margir sóttu einnig norsku lýðháskólana og nokkrir þá sánsku. Til frekari staðfestingar á sókn Íslendinga í norræna lýðháskóla skulu rakin gögn úr tveimur áttum. Í fyrsta lagi er athugun á skráningu Íslendinga í þann lýðháskóla sem mest var sóttur allra lýðháskóla á Norðurlöndunum, skólann í Askov, og stuðst við ritgerð Sólbjargar Lindu Reynisdóttur (1997). Þar kemur fram að á árunum 1879–1930 eru 119 Íslendingar skráðir í nám í Askov, 49 konur (20 þeirra á sumarnámskeið) og 70 karlar. Í töflunni hér á eftir er sýnt hvernig skráningar dreifast á árin fram til 1921, en enginn greinarmunur er gerður á því hvort einstaklingur er skráður tvívar eða ekki. Flestir voru aðeins skráðir einu sinni. Eins og vænta má sést að það dregur úr utanferðum unga fólkssins á stríðsárunum.

82 Undantekning frá þessu er að vísu Hjörtur Snorrason, fyrverandi skólastjóri á Hvanneyri, en hann kennið aðeins einn vetrar, 1907–1908. Auk Hjartar og auðvitað Halldórs nefnir Guðmundur Jónsson (1979:118–121) fimm kennara sem kenndu á Hvanneyri 1907–1920. Þeir eru Þorsteinn Stefánsson (1908–1909), Stefán Baldvinsson (1908–1910), Páll Zóphóníasson (1909–1920), Páll Jónsson (1910–1920) og Einar Jónsson (1910–1923).

Tafla 1

Fjöldi Íslendinga við nám í Askov.

| Ár | Vetur | | | Sumar | | Ár | Vetur | | | Sumar | |
|-----------|--------|-------|-------|-------|--|-------|--------|-------|-------|-------|--|
| | karlar | konur | konur | Alls | | | karlar | konur | konur | Alls | |
| 1899–1901 | 1 | 1 | 1 | 3 | | 1911– | 1 | 3 | 3 | 7 | |
| 1901– | 1 | | | 1 | | 1912– | 3 | 2 | | 5 | |
| 1902– | | 1 | | 1 | | 1913– | 7 | | | 7 | |
| 1903– | 2 | | | 2 | | 1914– | 4 | 2 | 1 | 7 | |
| 1904– | 8 | | 1 | 9 | | 1915– | 6 | | | 6 | |
| 1905– | 3 | | | 3 | | 1916– | 1 | | | 1 | |
| 1906– | 9 | 3 | 4 | 16 | | 1917– | 2 | | | 2 | |
| 1907– | 6 | 3 | 4 | 13 | | 1918– | 1 | | | 1 | |
| 1908– | 4 | 2 | 3 | 9 | | 1919– | 2 | | | 2 | |
| 1909– | 1 | 2 | | 3 | | 1920– | | | 1 | 1 | |
| 1910– | 1 | | 1 | 2 | | 1921– | | 4 | 5 | 9 | |

En Íslendingar sóttu einnig fjölmarga aðra lýðháskóla þótt erfitt sé að fá um það heildstætt yfirlit. Til þess að meta áhrif lýðháskólahugmyndarinnar á skólastarf skiptir þó sennilega mestu að fá hugmyndir um kynni kennara af lýðháskólum. Í *Kennaratali*⁸³ er oft greint frá utanferðum kennara og skólar iðulega nafngreindir ef um var að ræða meira en heimsókn, þótt á því sé stundum misbrestur. Með því að skoða *Kennaratalið* má því fá vissa vísbendingu um þræði lýðháskólahugmyndarinnar inn í íslenska skólakerfið. Þótt flestir hafi dvalið í Askov á tímabilinu fram til 1920 þá hafa fjölmargir verið í öðrum skólamáli, þar á meðal í lýðháskólunum sem kenndir eru við Frederiksborg, Vallekilde, Vejlby, Ryslinge og Ollerup í Danmörku, við Voss, Eidsvold,⁸⁴ Jaðar og Vonheim í Noregi og Nääs, Tärna og Sigtuna í Svíþjóð. En margt bendir til þess að fjölmargir kennarar hafi dvalið lengri eða skemmið tíma á lýðháskólum án þess að tilgreina það nákvæmlega í ævi-ágrípi *Kennaratalins* og listi yfir skóla gæti því orðið nokkuð lengri ef öll

83 Ólafur Þ. Kristjánsson (1958–1965).

84 Í *Skrifstofa* árið 1916 er jafnvænt tekist á um hvor skólanna á Eiðsvelli eða í Voss sé uppbryggilegri dvalarstaður fyrir unga Íslendinga sem sýnir að höfundar hafa gert ráð fyrir áframhaldandi sökn Íslendinga í norrana lýðháskólanum, sem varð enda raunin. Sjá Jakob Ó. Lárusson (1916) og Snorra Sigfusson (1916).

kurl kæmu til grafar. Í þessu sambandi má minnast á heimsókn íslenskra þingmanna til Askov í júlí 1906.⁸⁵ Þótt upplýsingar um skóladvöl Íslendinga á norrænum lýðháskólum séu af skornum skammti er óhætt að full-yrða á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið að ótal þrædir liggja frá þessum skólum inn í íslenska skólakerfið og áhrifin því margfalt meiri og margslungnari en þau virðast með því að skoða einungis tiltekna íslenska skóla. Þeir kennrar sem hér um ræðir dreifðust svo sannarlega um allt íslenska skólakerfið.

Náði lýðháskólahreyfingin til Íslands?

Af því sem hér hefur verið rakið verður að telja að lýðháskólahugsjónin hafi ekki aðeins náð til Íslands heldur hafi hún náð að skjóta býsna djúpum rótum viða í íslensku þjóðlifi. Hún hefur áreiðanlega haft talsverð áhrif á hugmyndir fólks bæði um eðli og mikilvægi menntunar og hefur líkast til haft mikil áhrif á mótu íslensks skólakerfis og skólastarfs, bæði á starfshætti og námsefni. Sýnilegit ávextir lýðháskólahreyfingarinnar á Íslandi á öðrum áratug aldarinnar voru einn hreinræktaður lýðháskóli, skólinn á Hvítárbakka, og annar náskyldur, skólinn að Núpi, auk ef til vill nokkurra ungingaskóla annarra, þótt skyldleikinn sé oft óljós. Þar við bættust þrír öflugir bændaskólar þar sem hugsjónir forvígismanna dönsku bændalyðháskólanna voru lagaðar að íslenskri bændamenningu um að minnsta kosti tveggja áratuga skeið. En auk þessara skóla, sem héldu lýðháskólfánanum á loft, var geysifjölmennur hópur Íslendinga sem hafði hrifist í talsverðum mæli af hugsjónum Grundtvigs og félaga eftir að hafa gert sér ferð til þess að stunda nám í norrænum lýðháskólum og þetta unga fólk kenndi viðs vegar í skólum landsins. Þar að auki má af talsverðri sanngirni rekja hina ungu og öflugu ungmannafélagshreyfingu til (norsku) lýðháskólahreyfingarinnar. Petta eru hin beinu áhrif sem blasa við og ekki ólíklegt að fleira kæmi í ljós ef vel væri að gáð. Meðal annars vegna þess að hún fíll vel að þjóðernishugsjón íslenskra embættis- og bændastéttu á þessum tíma og vegna þess að hún átti nokkuð skýrt útfærða stefnu- og námskrá sem gaf áhangendum sínum sæmilega skýra leiðsögn, bæði um það hvernig bar að

85 Þingmennirnir heimsóttu Askov 24. júlí 1906. Í hófi sem þar var haldið voru fluttar ræður, sjá frásögn í *Højskolebladet*, „Íslændernes besøg i Askov“ (1906) og tvær þeirra, ræður Schröders (1906) og Nørregards (1906), eru birtar þýddar í *Nýja kirkjublaðinu* í ágústmánuði. Í *Højskolebladet* (1910) 35:1795–1796 er sagt frá heimsókn Björns Jónssonar ráðherra bæði til Askov og Vejby.

skipuleggja skóla- og uppeldisstarf og hvers konar efniviður (kennsluefni í móðurmáli, bókmenntum og sögu) þurfti að vera tiltækt. Loftur Guttorsson (1993) lýsir breytingum á inntaki móðurmálskennslu upp úr aldamótunum 1900 sem koma vel heim við þá áherslu sem lýðháskólamenn lögðu á móðurmálið, þjóðlegt efni og bókmenntir. Loftur bendir á að talsverð breyting hafi orðið á efni lestrarbóka sem gefnar voru út eftir aldamótin jafnvel þótt þjóðernissjónarmið hafi verið áhrifamikil fyrr. Pegar umfjöllun Lofts er tengd því sem hér hefur komið fram er tilefni til þess að ætla að áhrif lýðháskólahugsjóna á íslensk menntamál hafi verið enn meiri en hér hefur verðið rökstutt en það þyrfti að kanna nánar. Sérstakt tilefni væri til þess að athuga almennt hve tengdir lýðháskólahreyfingunni þeir voru sem stóðu að endurnýjun námsefnis í móðurmálskennslu og Íslandssögu á fyrstu áratugum 20. aldarinnar.⁸⁶ Hvað sem um það má segja er óhætt að staðhæfa að lýðháskólahugmynd Grundtvigs hafi átt hér mjög sterk ítök í þjóðlífi og skólastarfí fyrstu two áratugi aldarinnar. Það má því vera að það skipti einhverju máli að athuga þróun skólastarfs þessa tímabils í þessu ljósi og það verður fróðlegt að kanna áhrif lýðháskólahugsjónarinnar á skólastarf á Íslandi á þriðja áratug 20. aldar.⁸⁷

86 Í þessu sambandi bæti að athuga sérstaklega áhrif Þórhalls Bjarnarsonar, sjá til dæmis umfjöllun Eysteins Þorvaldssonar (1988:15–36) um Þórhall.

87 Áhrif lýðháskólahugmyndarinnar á íslenskt skólastarf á árunum 1920–1930 áttu upphaflega að vera viðfangsefni þessarar greinar, en fljótegla kom í ljós að þráðinn mátti rekja lengra aftur eins og hér hefur komið fram. Þriðji áratugurinn biður því um sinn.

Heimildir

- Alþingistíðindi* B. 1902.
- Alþingistíðindi* A. 1907.
- Arnór Sigurjónsson. 1921. *Um frjálsa alþýðlega menntastarfsemi á Norðurlöndum.* Reykjavík, [án útg.].
- Benedikt Blöndal. 1925. Greinargerð. [Um Eiðaskóla.] *Dagur*, 11. febrúar 8,6:21–23.
- Benedikt Gíslason. 1958. *Eiðasaga*. [Akureyri], Bókaútgáfan Norðri.
- Bjarni Guðmundsson. 1995. *Halldór á Hvanneyri. Saga freðara og frumkvöðuls í landbúnaði á tuttugustu öld*. Hvanneyri, Bændaskólinn á Hvanneyri.
- Björn Bjarnarson [í Gröf]. 1902. Búnaðarkennslu-breytingartillaga. *Búnaðarrit* 16,[2]:106–122.
- Björn H. Jónsson. 1920. Lýðháskóli á Suðurlandsundirlendinu. *Skinfaxi*, janúar – febrúar 11,1:1–4.
- Bogi Th. Melsteð. 1907a. Um æskuárin og íslenskan lýðháskóla. *Andvani* 32:75–104.
- Bogi Th. Melsteð. 1907b. Lýðháskólamálíð. *Lögréttu*, 21. ágúst 2,37:145–146.
- Bogi Th. Melsteð. 1908. Lýðháskólamálíð. *Lögréttu*, 15. janúar 3,2:6–7; 29. janúar 3,4:14–15; 5. febrúar 3,5:19.
- Bragi Jósepsson. 1986. *Lýðháskólamáðurinn Guðmundur Hjaltason og ritverk hans*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- Bruun, C. 1878. *Folkelige grundtanker*. Kristiania, Alb. Cammermeyers forlag.
- Einar Hjörleifsson [Kvaran]. 1901. Alþýðumenntun hér á landi. Erindi flutt að tilhlutan Kennarafélagsins í Reykjavík 20. apríl 1901. *Tímarit Hins íslenska bókmennatafélags* 22:36–63.
- Eysteinn Þorvaldsson. 1988. *Ijáðalærdómur. Athugun á skólastjórum handa skyldunámskólum 1901–1979*. Rit Kennaraháskóla Íslands. A-flokkur. Rannsóknarritgerðir og skýrslur 4. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- Folkhøgskolens stilling i skoleverket*. 1976. NOU (Norges offentlige utredninger) 39. Kirke- og undervisningsdepartementet. Oslo, Universitetsforlaget.
- Franskir alþýðuháskólar. 1902. *Fjallkonan*, 2. september 19,34:8; [siðar undir heitinu] Franskir lýðháskólar 16. september 19,36:2–3; 23. september 19,37:2.
- [Freysteinn Gunnarsson]. 1921. Det nordiske Højskolemøde på Värmlands läns folkhög-skola i Molkom, 2.–5. september 1921. *Højskolebladet*, 23. september 46, 38.
- Geir Jónasson. 1938. *Ungmennafélag Íslands 1907–1937. Minningarrit*. Reykjavík, U.M.F.I.
- Grundtvig, N. F. S. 1943. *Værker i udvalg*. 4. b. København, Gyldendalske boghandel – Nordisk forlag.
- Guðlaug Teitsdóttir. 1980. *Barna og unglingaskóli Ásgríms Magnússonar Bergstaðastrátti 3.* [Óútg. B.Ed.-ritgerð við Kennaraháskóla Íslands.]
- Guðmundur Davíðsson. 1915. *Um ungmennafélag Íslands (Ágrip)*. Reykjavík, U.M.F.I.
- Guðmundur Finnborgason. 1903. *Lýðmentun. Hugleiðingar og tillögur*. Akureyri, Kolbeinn Árnason og Ásgeir Pétursson.
- Guðmundur Hjaltason. 1909a. Ætlunarverk ungmennafélagnanna. 1. Inngangur. *Skinfaxi*, október 1,1:2–3.
- Guðmundur Hjaltason. 1909b. Fyrirlestraferð. *Skinfaxi*, nóvember 1,2:14–15.
- Guðmundur Hjaltason. 1911a. Fyrirlestraferð Guðmundar Hjaltasonar í Árnes- og Rangár-vallasýslum í október og nóvember 1910. *Skinfaxi*, janúar 2,1:5–6.

LÝÐHÁSKÓLAR Á ÍSLANDI I BYRJUN 20. ALDAR

- Guðmundur Hjaltason. 1911b. Kristófer Brún. *Skinfaxi*, janúar 2,1:1–2; febrúar 2,2:9–10; mars 2,3:17–18; apríl 2,4:25–26; maí 2,5:33–34; júní 2,6:41; júlí 2,7:49–51; ágúst 2,8:57.
- Guðmundur Hjaltason. 1911c. Undirrót ungmannafélagsskaparins. *Skinfaxi*, september 2,9:65–66.
- Guðmundur Hjaltason. 1911d. Fyrilestrastarf í rúm 2 ár. *Skinfaxi*, september 2,9:75.
- Guðmundur Hjaltason. 1912a. Fáein orð um lýðháskóla. *Skólablaðið* 6,8:152–156.
- Guðmundur Hjaltason. 1912b. Fyrilestraferðir frá október 1911 til ágúst 1912. *Skinfaxi*, desember 3,12:92–93.
- Guðmundur Hjaltason. 1923. *Æfisaga Guðmundar Hjaltasonar skráð af honum sjálfum og þrír fyrilestrar*. Reykjavík, U.M.F.I.
- Guðmundur Jónsson. 1979. *Bændaskólinn á Hvannayri 90 ára*. Reykjavík, [án útg.].
- Gunnar Kristjánsson. 1983. *Ræktun lýðs og lands. Ungmannafélag Íslands 75 ára, 1907–1982*. Reykjavík, U.M.F.I.
- Gunnar M. Magnúss. 1939. *Saga alþýðufredslunnar á Íslandi. Hátiðarrit S.I.B.* Reykjavík, Samband íslenzkra barnakennara.
- Gunnlaugur Björnsson. 1957. *Hólastaður. Bændaskólinn 75 ára*. [Akureyri], Bókaútgáfan Norðri.
- Halldór Kristjánsson. 1964. *Sigtryggur Guðlaugson prófastur og skólastjóri á Núpi. Aldarmining*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Helgi Elíasson. 1946. Skolamál á Íslandi 1874–1944. *Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags* 72:71–113.
- Helgi Valtysson. 1911a. Ungmennamál. *Skinfaxi*. Starf hans og stefna. Ungmannafélags-hreyfingin íslenska. *Skinfaxi*, ágúst 2,8:58–60.
- Helgi Valtysson. 1911b. Sveitallifið. *Skinfaxi*, september 2,9:69–70.
- Helgi Valtysson. 1911c. Ungmennamál. Framtíðarhorfur ungmannafélaganna íslensku. Íslenskur lýðháskóli. *Skinfaxi*, september 2,9:70–71.
- Islændernes besøg i Askov. 1906. *Højskoleblader*. 31:dálkar 1035–1040.
- J. P. 1903. Alþýðufyrilestrar. *Ísafold*, 14. marz 30,12:46; 15. apríl 30,18:69–70.
- Jakob H. Líndal. 1909. Áhrif skólans. *Minningarrit Hólastóla. Tuttugu og fimm ára*, bls. 29–41. Akureyri, Hólamannafélagið.
- Jakob Ó. Lárusson. 1916. Ungmennaskólinn á Eiðsvelli. *Skinfaxi*, febrúar 7,2:18–20.
- Jón Jónsson [Aðils, ritstjóri]. 1901a. *Aðskulýðurinn í Reykjavík. Elding*. 10. mars 1,11:41–42.
- Jón Jónsson [Aðils, ritstjóri]. 1901b. Alþýðuháskólar í Danmörku. *Elding*, 24. mars 1,14: 53–54; 7. apríl 1,16:61–63; 14. apríl 1,17:66; 28. apríl 1,19–20:73–74; 19. maí 1,23: 89–90.
- Jón Jónsson [Aðils]. 1902. Alþýðuháskólar í Danmörku. *Eimreiðin* 8:4–62.
- [Jón Þórarinsson, ritstjóri]. 1912a. Unglingaskólar. *Skólablaðið* 6,4:49–52.
- [Jón Þórarinsson, ritstjóri]. 1912b. Lýðháskóli. *Skólablaðið* 6,8:113–115.
- Jónas Jónsson [frá Hriflu]. 1909. Lýðskólinn í Askóv. *Eimreiðin* 15:1–14.
- [Jónas Jónsson frá Hriflu, ritstjóri]. 1917. Heima og erlendis. *Skinfaxi*, ágúst 8,8:62–63.
- Jónas Þorbergsson. 1960. *Sigurður Sigurðsson frá Draflastöðum. Ævisaga*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Jósef J. Björnsson. 1903. Frá Búnaðarskólunum dönsku. *Norðurland*, 11. apríl 2,29:114.

AF SPJÖLDUM SÖGUNNAR

- Jósef J. Björnsson og Sigurður Sigurðsson [skólastjóri frá Draflastöðum]. 1905. Um búnaðarnám. *Búnaðarrit* 19,[2]:119–151.
- Kennari. 1919. Héraðsskólar. *Tíminn*, 27. september 3,72:309–310.
- Korsgaard, Ove. 1997. *Kampen om lyset. Dansk voksenoplysning gennem 500 år*. København, Gyldendal.
- Lárus Rist. 1947. *Synda eða sökkva. Endurminningar*. Akureyri, Sigurjón Rist.
- Loftur Guttormsson. 1993. Frá kristindómslestri til móðurmáls. *Hugmyndafræðileg hvörf í lestrarefni skólabarna um síðustu aldamót*. *Uppeldi og menntun* 2:9–23.
- Magnús Steinsson. 1974. *Hvítárbakkaskólinn 1905–1931*. Reykjavík, [án útgst.]
- [Matthías Jochumsson, ritstjóri]. 1875. Skólamál vor. *Pjóðolfur*, 5. ágúst 27,24:95–96.
- [Matthías Jochumsson, ritstjóri]. 1880. Skólar á Vestfjörðum. *Pjóðolfur*, 12. október 32,26: 101–103; 16. október 32,27:105–107.
- Matthías Jochumsson. 1922. *Sögukaflar af sjálfum mér*. Reykjavík, Þorsteinn Gíslason.
- Nissen, Gunhild. 1994. *Udfordringer til Højskolen. Danske Folkehøjskoler 1844–1994*. Odense, Foreningen for Folkehøjskokers Forlag.
- Nørregaard, J. 1906. Minni Íslands. [Ræða flutt við heimsókn alþingismanna á Askovlýðháskóla 24. júlí.] *Nýtt kirkjublað*, 31. ágúst 1,16:185–187.
- Ólafur P. Kristjánsson. 1958–1965. *Kennaratal á Íslandi*. I–II. Reykjavík, Prentsmiðjan Oddi.
- Páll Briem. 1900. Menntun barna og unglings. *Lögfræðingur* 4:78–124.
- Páll Briem. 1901. Menntun barna og unglings. *Lögfræðingur* 5:36–172.
- Páll Briem. 1903a. Búnaðarkennslan. *Norðurland*, 21. mars 2,26:102.
- Páll Briem. 1903b. Menntun bænda. *Norðurland*, 22. ágúst 2,48:189–190.
- Páll Briem. 1906. Menntun barna og unglings. Ályktarorð. *Nýtt kirkjublað*, 7. apríl 1,7:81–86; 18. apríl 1,8:90–97.
- Páll Eggert Ólason. 1963. Jón Aðils, prfessor. *Merkir Íslendingar. Nýr flokkur II*, bls. 221–247. Reykjavík, Bókfellsútgáfan. [Upphaflega í *Skráni* 1920.]
- Páll Zóphóníasson. 1937. Halldór Vilhjálmsson, skólastjóri á Hvanneyri. *Búnaðarrit* 51:V–XVI.
- Schröder, L. 1906. Grundtvig og Ísland. [Ræða flutt við heimsókn alþingismanna á Askovlýðháskóla 24. júlí.] *Nýtt kirkjublað*, 31. ágúst 1,15:169–173. Sjá einnig *Højskolebladet*, 1906, 31, dálkar 1013–1020.
- Sigurður Guðjónsson. 1920–1921. Um uppruna, vöxt og áhrif hinna norrænu lýðháskóla. *Skinfaxi*, september – október 11,9–10:33–36; nóvember – desember 11,11–12:42–46; janúar – febrúar 12,1–2:1–4.
- Sigurður Guðjónsson. 1924. Lidt af Højskolens saga i Island. *Højskolebladet* 49:dálkar 1119–1124.
- Sigurður Guðmundsson. 1959. *Norðenzki skólinn*. [Þórarinn Björnsson bjó til prentunar.] Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Sigurður Sigurðsson [ráðunautur frá Langholti]. 1900. Um búnaðarskóla í Noregi. *Búnaðarrit* 14,2:29–55.
- Sigurður Sigurðsson [ráðunautur frá Langholti]. 1904. Verkleg búnaðarfraðsla. *Búnaðarrit* 18,4:37–49.
- Sigurður Sigurðsson [ráðunautur frá Langholti]. 1907. Ungmennaskólar eða lýðskólar. *Pjóðolfur*, 14. júní 59,26:97, 19. júní, 59,27:102.

- Sigurður Sigurðsson [skólastjóri frá Draflastöðum]. 1908. Menntun bænda. *Freyr* 5:57–61, 68–71.
- Sigurður Þórólfsson. 1898. Um búnaðarkennslu og búnaðarskóla erlendis. *Búnaðarrit* 12:66–90.
- Sigurður Þórólfsson. 1902a. *Hinn fyrirhugaði lýðháskóli í Reykjavík*. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.
- Sigurður Þórólfsson. 1902b. Lýðháskólar og landbúnaður Dana. *Fjallkonan*, 25. júní 19, 24:1–2.
- Sigurður Þórólfsson. 1902c. Íslenzkur lýðháskóli. *Ísafold*, 28. júní 29, 40:159.
- Sigurður Þórólfsson. 1902d. Lýðháskólar og landbúnaður Dana. *Plögur*, 2. júlí 4, 4:26–28.
- Sigurður Þórólfsson. 1902e. Hvers þörfnumst vér? *Plögur*, 2. júlí 4, 4:28–29.
- Sigurður Þórólfsson. 1902f. Bændur! *Plögur*, 2. júlí 4, 4:29.
- Sigurður Þórólfsson. 1902g. Fyrirlestrafög og haustsamkomur Dana. *Plögur*, 6. ágúst 4, 5:33–35.
- Sigurður Þórólfsson. 1902h. Búnaðarskólar Dana. *Ísafold*, 16. ágúst 29, 52:206–207.
- Sigurður Þórólfsson. 1902i. Um lífið við Askov-lýðháskóla. *Ísafold*, 3. september 29, 57:225–226; 6. september 29, 58:230.
- Sigurður Þórólfsson. 1902j. Lyðmenntun Dana. *Ísafold*, 1. október 29, 65:258–259.
- Sigurður Þórólfsson. 1902k. Lýðháskólinn. [Kaflar úr skólastettingarræðu.] *Ísafold*, 18. október 29, 68:270–271.
- Sigurður Þórólfsson. 1902l. Alþýðufyrirlestrar. *Plögur*, 2. desember 4, 9:67–68.
- Sigurður Þórólfsson. 1905. Fyrirlestrakennsluaðferðin viðurkennd. *Plögur*, júlí 7, 7:51–52.
- Sigurður Þórólfsson. 1907a. Lýðháskólamálið. *Lögréttu*, 24. júlí 2, 32:126; 5. ágúst 2, 33–34:133.
- Sigurður Þórólfsson. 1907b. Lýðháskólamálið. *Lögréttu*, 4. desember 2, 56:222–223.
- Sigurður Þórólfsson. 1992. *Gamlar minningar* [skráðar 1925]. Reykjavík, [án. útg.].
- Skýrsla Hólamannafélags 1907. 1908. Akureyri, Hólamannafélagið.
- Snorri Sigfusson. 1916. Lýðháskólinn í Voss. *Skinfaxi*, júní 7, 6:75–76.
- Sólbjörg Linda Reynisdóttir. 1997. *Lýðháskólabugmyndin á Íslandi*. [Óútg. BA-ritgerð frá félagsvísindadæld Háskóla Íslands.]
- Stefán Hannesson [fyrsti hluti birtur án höfundarnafns]. 1917–1918. Lýðháskólamál. *Skinfaxi*, desember 8, 12:94; mars 9, 3:20–21; apríl 9, 4:26–28.
- Stefán Stefánsson. 1903. Búnaðarframfarir, svar til Björns Jenssonar (Viðauki). *Norðurland*, 16. maí 2, 34:134.
- Steindór Steindórrsson. 1963. Blaðamennska Matthíasar Jochumssonar. Davíð Stefánsson (tök saman). *Skáldið á Sigurhæðum. Safn ritgerða um þjóðskáldið Matthíás Jochumsson*, bls. 297–312. Akureyri, Bókaforlag Odds Björnssonar.
- Torfi Bjarnason. 1892. Um búnaðarkennslu. *Búnaðarrit* 6:127.
- Ungmennafræðslan og sérfraðslan*. 1922. Menntamálaneftarálit IV. Reykjavík, Prentsmiðjan Gutenberg.
- Þorsteinn Gíslason. 1963. 11. nóv. 1835 – 11. nóv. 1905. Davíð Stefánsson (tök saman). *Skáldið á Sigurhæðum. Safn ritgerða um þjóðskáldið Matthíás Jochumsson*, bls. 1–30. Akureyri, Bókaforlag Odds Björnssonar.
- Þórarinn Þórarinsson. 1968. *Á lýðháskóli erindi til Íslands?* Reykjavík, [án útg.].
- Þórhallur Bjarnarson. 1906. Eftir búnaðarpingið og alþingi 1905. *Búnaðarrit* 20:137–144.

AF SPJÖLDUM SÖGUNNAR

- Þórhallur Bjarnarson. 1908. Minnisvarði Askov-hjónanna [Schröder-hjónanna]. *Lögréttu*, 22. júlí 3,33:131.
- Þórhallur Bjarnarson, Pétur Jónsson, Hermann Jónasson. 1905. Frumvörp og athugasemdir við þau. *Búnaðarrit* 19:1–18. [Um bændaskóla 1–13.]
- Póroddur Guðmundsson. 1973. Lýðskóli Ásgríms Magnússonar að Bergstaðastræti 3. *Lesbók Morgunblaðsins* 24. júní 48,24:2–3,15.